

Sjálfbærniskýrsla

Fyrir árið 2017



Ávarp forstjóra

Vörður tryggingar hf. í þeirri mynd sem það er í dag er 13 ára gamalt fyrirtæki, en rætur þess má reyndar rekja norður til Akureyrar og aftur til ársins 1926. Mikil uppbygging hefur átt sér stað hjá Verði á undanförunum áratug. Starfsmönnum hefur fjölgað sem og viðskiptavinum en fyrir liðlega tíu árum voru þeir innan við 20.000 en voru í lok árs 2017 rúmlega 60.000. Fjöldi starfsmanna í árslok 2017 var 94 í 82 stöðugildum (að meðtöldum verktökum og lausráðnum starfsmönnum eru stöðugildin 100,2).

Árið 2017 var viðburðaríkt í starfi Varðar. Eigendaskipti urðu á félaginu haustið 2016 þegar kaup Arion banka gengu endanlega í gegn. Nýliðið ár var því fyrsta starfsárið undir nýju eignarhaldi. Á fyrstu vikum og mánuðum ársins voru strengir stilltir saman með nýjum eiganda, samstarfi komið á á ýmsum sviðum og sameiginleg sóknarfæri kortlögð.

Á fyrsta degi ársins 2017 tók gildi sameining á Okkar líftryggingum og Verði líftryggingum undir merkjum síðarnefnda fyrirtækisins. Við sameininguna varð til stærsta líftryggingafélag landsins. Í framhaldinu var hafist handa við að koma allri starfseminni fyrir á einum stað. Úr varð að starfsfólk sameinaðist í húsnæði Varðar við Borgartún 25. Gera þurfti töluverðar breytingar á húsnæðinu en það gekk vel og sameinaðist hópurinn í Borgartúninu fyrri hluta marsmánaðar. Sameiningin og flutningarnir voru vel undirbúnir og gekk ferlið því vel og hnökralaust fyrir sig. Skipti sköpum hvað starfsfólk var jákvætt fyrir þeim breytingum sem ráðist var í og leiddi það einnig til þess að hópurinn lagaði sig fljótt að nýjum aðstæðum. Sameining líftryggingafélaganna og sameiginlegur rekstur með Verði skapar sterkari samstæðu og mikil sóknarfæri til framtíðar. Í kringum sameininguna sköpuðust síðan tækifæri til að styrkja innviði félagsins sem meðal annars gerir því kleift að takast á skilvirkan máta á við þær kröfur sem Solvency II löggjöfinni fylgja.

Á undanförunum árum hefur verið unnið ötullega að því að skrá alla vinnuferla í eina heildstæða gæðahandbók. Fyrsta útgáfa handbókarinnar leit dagsins ljós á liðnu ári, en um lifandi samantekt er að ræða sem krefst reglulegrar uppfærslu og endurskoðunar. Handbókinni er meðal annars ætlað að tryggja stöðlun og stöðugar umbætur á þjónustu félagsins. Vörður hefur jafnan mælst hátt í þjónustumælingu Íslensku ánægjuvogarinnar og lofar félagið viðskiptavinum sínum að leita ávallt leiða til að bæta þann lykilkátt starfseminnar.


Vörður er nú í fyrsta sinn að birta skýrslu um ófjárhagslega mælikvarða en félaginu hefur um nokkuð langt skeið verið umhugað um umhverfismál og samfélagslega ábyrgð. Ákveðið var að vinna skýrsluna í samræmi við ESG viðmið Nasdaq með tilvísun í Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (UN SDG), GRI (Global Reporting Initiative) og UN Global Compact. Vörður var eitt af 104 fyrirtækjum sem undirrituðu loftslagsyfirlýsingu Festu og Reykjavíkurborgar í nóvember 2015. Um mitt árið 2016 voru sett fram metnaðarfull markmið varðandi losun á gróðurhúsalofttegundum. Markmiðin þarf nú að endurskoða í ljósi þeirra breytinga sem áttu sér stað á síðasta ári og þeirri stækkun sem orðið hefur á félaginu. Það er trú stjórnenda Varðar að þessi vegferð muni skila okkur enn betri rekstri og skýrari sýn á þá þætti sem snúa að samfélagslegri ábyrgð.

ESG uppgjör

Hagsmunaaðilar

Lögð er áhersla á ábyrg og traust samskipti við alla hagsmunaaðila. Starfsemi Varðar fer fram á skrifstofum félagsins en meginhluti allrar vinnu vegna tjóna, s.s. eins og eigna- og ökutækjatjóna, fer fram á tjónsstað eða á verkstæðum hjá birgjum félagsins. Félagið hefur það að markmiði að brýna sína birgja í að huga að sjálfbærni og leitast við að vinna með aðilum sem hafa sett sér stefnu í umhverfismálum og samfélagslegri ábyrgð umfram aðra. Þá er stefnt að því að hafa áhrif á viðskiptavinum í því augnamiði að þeir sjái sér hag í því að viðhafa ábyrga hegðun í sínu lífi sem á að leiða til fækkunar tjóna. Fræðsla og aukin samskipti, s.s. í gegnum Facebook, á að leiða til meiri meðvitundar allra um tryggingar, forvarnir og ábyrga hegðun samfélaginu öllu til hagsbóta.

Áherslur og þekking á rekstri Varðar sem snýr að öðrum þáttum en fjárhagslegum ávinningi skapar ný tækifæri í rekstri og styrkir samkeppnisstöðu fyrirtækisins. Með því að skoða kjarnastarfsemina út frá ESG þáttunum og vinna uppgjör samhliða fjárhagsuppgjöri, með hliðsjón að áhrifum fyrirtækisins á umhverfið, samfélagið og stjórnarhætti, skapast grundvöllur fyrir skilvirkari rekstur, kostnaðarhagræðingu og aukna verðmætasköpun. Með uppgjöri þessu fyrir árið 2017 leggur Vörður grunninn að áframhaldandi starfi til bætts umhverfis, betra samfélags og aukinnar sjálfbærni.



Umhverfispættir

Vörður hefur haldið grænt bókhald frá árinu 2013. Í nóvember 2015 ákvað félagið að taka þátt í yfirlýsingu Festu og Reykjavíkurborgar um að setja sér markmið í loftslagsmálum, en þá undirrituðu 104 forstjórar fyrirtækja og stofnana á Íslandi eftirfarandi yfirlýsingu:

Við undirrituð ætlum að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og lágmarka neikvæð umhverfisáhrif með markvissum aðgerðum. Þjóðir heims standa nú frammi fyrir afleiðingum loftslagsbreytinga. Sameinuðu þjóðirnar gegna forystuhlutverki í að greina vandann, takast á við hann og aðlagast breyttum aðstæðum. Borgir og bæir ásamt fyrirtækjum af öllum stærðum, verða sífellt mikilvægari þegar kemur að því að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda og standast þau markmið sem sett hafa verið um losun þeirra. Á Íslandi er helsta áskorunin mengandi samgöngur og losun úrgangs. Við ætlum að sýna samfélagslega ábyrgð í verki með því að:

1. *Draga úr losun gróðurhúsalofttegunda*
2. *Minnka myndun úrgangs*
3. *Mæla árangurinn og gefa reglulega út upplýsingar um stöðu ofangreindra þátta*

Árin 2013–2015 eru því notuð sem viðmið í þeim loftslagsmarkmiðum sem sett voru fram til ársins 2030 vegna loftslagsyfirlýsingarinnar.

Úrgangur hefur verið flokkaður frá árinu 2012 og er flokkun úrgangs í höfuðstöðum Varðar í Borgartúni samkvæmt litaflokkun Gámabjónustunnar. Persónugreinanlegum gögnum og trúnaðargögnum er eytt af Gagnaeyðingu en tjónahlutir fara í endurnýtingu til Efnamóttökunnar. Gagnaeyðing er með AAA vottun frá National Association for Information Destruction sem tryggir örugga eyðingu viðkvæmra gagna. Ýmislegt hefur verið gert í gegnum árin til að auka vitund starfsmanna varðandi flokkun s.s. eins og reglulegar kynningar á litaflokkuninni og einnig hafa verið fengnir til okkar utanaðkomandi aðilar með fræðsluerindi til að fjalla um flokkun og til að ýta undir áhuga. Á sama tíma og félagið ákvað að taka þátt í loftslagsyfirlýsingu Festu og Reykjavíkurborgar var farið í að auka vitund annarra fyrirtækja í húsnaði félagsins í Borgartúni 25 á flokkun úrgangs. Flestir eru farnir að flokka en mismikið þó. Tölur sem tengjast flokkun eru því byggðar á því hverjir eru að flokka hvað. Í húsinu er starfræktur veitingastaður sem skekkir aðeins myndina varðandi sorpið en magnið er áætlað m.v. fjölda hæða sem félagið nýtir eins og gert er varðandi rafmagn og hita. Á Akureyri hefur verið flokkað um nokkurt skeið en ekki er flokkað í Keflavík. Áætluð eru 93 kíló af sorpi á hvern starfsmann hjá þeim 7 starfsmönnum sem á þessum stöðum starfa. Ætlunin er að fara í flokkun í Keflavík um leið og aðstæður leyfa og að mæla magn sem flokkað er bæði í Keflavík og á Akureyri.

Félagið hefur sett sér það markmið að kaupa umhverfisvænni ökutæki og þar með að minnka losun vegna aksturs eigin ökutækja. Hins vegar má búast við því að losun vegna jarðefnaeldsneytis geti aukist þar sem ætlunin er að halda betur utan um annan akstur en akstur á eigin ökutækjum.

Árið 2015 tók Vörður upp notkun á prentskyjum og er þetta ásamt „Mínum síðum“ fyrstu skrefin í að gera fyrirtækið pappírslaut. Starfsmenn þurfa nú að sækja alla útprentun í prentarana og nota aðgangskort sitt til að prentun hefjist. Þetta ætti að minnka óþarfa prentun og einnig munu breytt vinnubrögð og ríkari áhersla á pappírslaus viðskipti hjá okkar viðskiptavinum gera það að verkum að prentun ætti að minnka. Lítil breyting varð þó þessi tvö heilu ár sem félagið tók prentskyin í notkun en prentun á ársverk (stöðugildi) var 2.802 blaðsíður 2016 en 2.823 2017.

E1 | KOLEFNISUPPGJÖR

GRI 305-1, 2, 3, 5 | UNGC | SDG 13, 14, 15




Vörður styður Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Losun gróðurhúsalofttegunda í tonnum CO₂

Lýsing	2016	2017
Umfang 1	12,09	11,94
Umfang 2	6,34	6,37
Umfang 3	56,22	72,00
Samtals losun	74,65	90,31
Kolefnisbinding	74,65	90,31
Kolefnisjöfnun	0	90,31
Kolefnisspor (tonn CO₂)	74,65	0

Losun CO₂ 2017



Eins og fram kemur á þessu skífuriti þá er mesta losunin vegna ferða starfsmanna til og frá vinnu. Félagið hefur boðið upp á samgöngustyrki frá 2015, 13 starfsmenn nýttu sér styrkinn allt árið 2017 en einn starfsmaður á tímabilinu maí til september 2017. Í loftslagsmarkmiðum sem sett voru til ársins 2030 var gert ráð fyrir því að skipta ökutækjum félagsins á næstu árum yfir í umhverfisvænni orkugjafa. Verið er að vinna að því að koma upp hleðslustöðvum við húsnæði félagsins í Borgartúni og er vonast til að hægt verði að hefja þessa vegferð á fyrstu mánuðum ársins 2018. Gera má ráð fyrir aukinni losun eftir því sem meðvitund allra starfsmanna eykst og betur er haldið utan um upplýsingar sem varða losun.

Gerður hefur verið samningur við Kolvið um kolefnisjöfnun vegna losunar félagsins frá og með 1. janúar 2017.

E2 | KOLEFNISVÍSIR – KOLEFNISSTUÐULL

GRI 305-1-f | UNGC | SDG 13, 14, 15



Vörður styður Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Losun m.v. afkomu, sölu, stærð húsnæðis og ársverk

Lýsing	2016	2017
Heildartekjur í milljörðum króna	7,425914	10,599051
Seldar einingar	115.590	126.207
Stærð húsnæðis í rúmmetrum	5833,4	5883,6
Kolefnisvísir kíló CO ₂ / tekjur	0,00001005	0,00000852
Fjöldi starfsmanna (ársverk)	76,6	100,2
Kolefnisvísir kíló CO ₂ / seldar einingar	0,65	0,54
Kolefnisvísir kíló CO ₂ / m ³ húsnæði	12,8	15,4
Kolefnisvísir kíló CO ₂ / ársverk	0,975	0,901

Kolefnisvísirinn sýnir heildarorkunotkun félagsins út frá heildartekjum, seldum einingum (meðalfjöldi seldra skirteina á ári) og heildarfjöldi rúmmetra þess húsnæðis sem starfsemin fer fram í. Heildarlosun hefur aukist á milli ára en þegar horft er á losun m.v. tekjur, seldar einingar, stærð húsnæðis í rúmmetrum og fjölda ársverka, þá er um lækkun að ræða.

E3 | BEIN OG ÓBEIN ORKUNOTKUN

GRI 302-1 | UNGC | SDG 7, 13, 15



Vörður styður Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Heildarnotkun / neysla skipulagsheildar

Lýsing	2016	2017
Raforka	2,52	2,47
Hitaveita	3,82	3,90
Eldsneyti	12,09	11,94
Samtals	18,43	18,31

E4 | ORKUVÍSIR

GRI 302-3-a | UNGC | SDG 7, 13, 15



Vörður styður Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Orkunotkun í hlutfalli við stærð húsnæðis og fjölda starfsmanna (ársverk)

Lýsing	2016	2017
Stærð húsnæðis í m ³	5833,4	5883,6
Fjöldi starfsmanna (ársverk)	76,6	100,2
Orkunotkun á rúmmetra (kWh/m ³)	36,61	35,61
Orkunotkun á starfsmann (ársverk)	2.788,3	2.091,1

E5 | HELSTU ORKUGJAFAR

GRI 302-3-c | UNGC | SDG 7, 13, 15



Vörður styður Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Tegund og magn orku sem skipulagsheildin notar

Lýsing	2016	2017
Heildarvelta í milljörðum króna	7,425914	10,599051
Starfsmannafjöldi (ársverk)	76,6	100,2
Stærð húsnæðis í rúmmetrum	5.833,4	5.883,6
Kíló CO ² / heildarvelta	0,00001005	0,00000852
Kíló CO ² / ársverk	975,5	901,3
Kíló CO ² / rúmmetrar húsnæðis	12,8	15,4

E6 | ENDURNÝJANLEG ORKA

GRI 302-1-b | UNGC P7, P8, P9 | SDG 9, 13, 15



Vörður styður Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Yfirlit yfir tegund og uppruna endurnýjanlegrar orku

Lýsing	2016	2017
Endurnýjanleg orka (rafm./heitt vatn)	4,4	10,3
Kjarnorka	0,5	0
Jarðefnaeldsneyti (bensín/dísill)	13,6	11,9
Hlutfall endurv. orku af heildarnotkun	24%	46%

Uppruni raforku 2016

E7 | VATNSNOTKUN



GRI 303-1,-3-a | UNGC | SDG 2, 5, 13, 14, 15

Vörður styður Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Notkun á neysluvatni í rúmmetrum

Lýsing	2016	2017
Heildarnotkun vatns í m ³ (heitt og kalt)	17.154	16.046
Hreinsun og endurnotkun	0	0
Notkun á starfsmann (ársverk) í m ³	223,9	160,1

E8 | ÚRGANGUR



GRI 306-2 | UNGC P7, P8 | SDG 2, 6, 12, 13, 14, 15

Vörður styður Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Yfirlit heildarmagns úrgangs

Lýsing	2016	2017	2016 %	2017 %
Flokkaður úrgangur	3.521	6.114	31,7%	38,6%
Heildarmagn úrgangs	11.114	15.822	100%	100%
Kolefnisspor (tonn CO ₂)	4,4	5,6		
Skýring á flokkuðum úrgangi				
Sorp til moltugerðar	651	902	6,5%	5,7%
Sorp til niðurbrots	7.593	10.769	75,3%	68,1%
Endurvinnsla	2.870	5.212	25,8%	32,9%
Grófur úrgangur v/framkvæmda		2.860		18%

Sorp hefur aukist nokkuð á milli þessara ára en það helgast af fjölgun starfsmanna og af framkvæmdum í höfuðstöðvum fyrirtækisins í Borgartúni 25 sem voru vegna sameiningar Varðar trygginga og OKKAR líftrygginga.

E9 | UMHVERFISSTEFNA



GRI 102-34/103-2 | UNGC | SDG 2, 12, 13, 14, 15

Vörður styður Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

1. Það er stefna Varðar að lágmarka umhverfisáhrif vegna starfsemi sinnar og almennt að draga úr soun.
2. Félagið setur sér markmið um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.
3. Endurnýtanlegur úrgangur verði flokkaður og skilað til endurnýtingar.
4. Félagið mun leggja áherslu á að hafa jákvæð áhrif á sína birgja hvað umhverfisáhrif varðar.
5. Horft er til þess að kaupa vistvænar og umhverfismerktar vörur og þjónustu umfram aðrar.
6. Félagið leggur áherslu á að auka pappírslaus viðskipti.
7. Vörður stuðlar að umhverfisvitund starfsmanna með virkri þjálfun og fræðslu um málefnið.
8. Félagið hefur frumkvæði að endurbótum á starfsháttum með það að sjónarmiði að efla umhverfisvernd.
9. Vörður setur sér árleg markmið um að minnka umhverfisáhrif í starfsemi sinni og fylgir þeim eftir með grænu bókhaldi og ESG viðmiðum Nasdaq.
10. Vörður fylgir lagalegum kröfum og reglugerðum er varða umhverfismál.

E10 | UMHVERFISÁHRIF



GRI 307/103-1 | UNGC | SDG 2, 12, 13, 14, 15

Vörður styður Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Starfseminnar vegna fellur fyrirtækið ekki undir lög um umhverfisábyrgð og ber ekki lagalega ábyrgð á óæskilegum umhverfisáhrifum. Samt sem áður leggur félagið sig fram um að draga úr óæskilegum umhverfisáhrifum í starfsemi sinni og að hafa jákvæð áhrif á samstarfsaðila og hagaðila í nærumhverfi sínu.

Samfélagsþættir

Félagið hefur lagt mikla áherslu á velferð starfsmanna sinna og að stuðla að heilbrigðu líferni og hreyfingu starfsmanna. Í fyrirtækinu er m.a. starfandi heilsunefnd sem skipuleggur ýmsa viðburði sem eiga að vera heilsueflandi fyrir líkama og sál. Íþróttastyrkir hafa einnig verið í boði fyrir þá sem vilja nýta sér það. Boðið hefur verið upp á heilsufarsmat til margra ára þar sem ýmsar mælingar hafa farið fram ásamt stuttu spjalli við hjúkrunarfræðing. Sú nýbreytni var tekin upp á þessu ári varðandi heilsufarsmatið að notast var við heildræna nálgun þar sem horft var á mun fleiri þætti en þessa líkamlegu s.s. geðheilsu, persónulega heilsu, félagslega heilsu og faglega heilsu. Þessi nýja nálgun mæltist mjög vel fyrir hjá starfsmönnum. Eins og fram kom í umhverfiskaflanum er losun CO₂ vegna ferða starfsmanna til og frá vinnu stór hluti af heildarlosun félagsins. Það er því mikil áskorun sem felst í því að auka veg umhverfisvænna samgangna og fjölga þeim sem nýta sér samgöngustyrki.

S1 | Launahlutfall æðsta stjórnanda



GRI 405-2/102-38 | UNGC | SDG 8

Vörður styður Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Laun æðsta stjórnanda eru ákveðin af stjórn félagsins í samræmi við gildandi starfskjarastefnu og jafnlaunastefnu sem yfirfarin er árlega. Innan félagsins eru starfandi launanefnd og starfskjaranefnd sem koma að stefnumarkandi ákvörðunum um laun og uppsetningu þeirra. Árin 2016 og 2017 var hlutfall miðgildis launa starfsmanna 19% af launum forstjóra í báðum tilfellum.

S2 | Launahlutfall eftir kyni



GRI 405-2 | UNGC | SDG 10

Vörður styður Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Vörður hefur sett sér skýra stefnu, markmið og aðgerðaráætlun til að tryggja jöfn tækifæri og kjör starfsfólks af báðum kynjum. Árið 2014 hlaut Vörður, fyrst fjármálafyrirtækja, jafnlaunavottun og hefur starfað eftir því kerfi allar götur síðan. Í samræmi við reglur vottunar er árlega gerð launagreining. Greiningin gefur félaginu tilfinningu fyrir launauppsetningu innan félagsins á hverjum tíma og dregur fram tækifæri til úrbóta ef niðurstöður eru ekki í takt við markmið félagsins um jöfn laun fyrir sömu eða sambærileg störf óháð kyni. Félagið hefur sett sér þau markmið að hafa óútskýrðan launamun eins lítinn og mögulegt er og aldrei meiri en 5%. Árið 2015 mældist 2,3% óútskýrður launamunur hjá félaginu en árið 2016 mældist hann 4%, í báðum tilfellum körlum í vil. Launagreining vegna ársins 2017 fer fram við jafnlaunaúttekt í apríl 2018. Félagið leitar skýringa hverju sinni þegar launamunur breytist á milli ára og í þessu tilfelli er horft til kjarasamningsbundinna hækkana sem og samkeppni um hæft fólk sem var meiri á síðasta ári en oft áður. Það er félaginu mikið kappsmál að vinna vel í jafnréttismálum sem og jafnlaunamálum og hlúa að þeim þáttum í starfsemi sinni. Hér má finna **jafnréttisstefnu félagsins**.

S3 | Starfsmannavelta



GRI 401-1 | UNGC | SDG 5

Vörður styður Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Á árinu 2016 sögðu 4 starfsmenn upp störfum, einum var sagt upp störfum og einn hætti vegna aldurs en starfsmannaveltan var 5,7% það ár. Árið 2017 sögðu 7 starfsmenn upp störfum, einum var sagt upp störfum og einn hætti sökum aldurs en starfsmannaveltan það ár var 14,7%. Eigendaskipti urðu á félaginu á árinu 2016 og það gekk í gegnum sameiningu á árinu 2017 með tilheyrandi breytingum og álagi á starfsmenn. Með aukinni velsæld í samfélaginu og sterkum atvinnumarkaði með fjölbreyttum tækifærum, opnast nýir möguleikar til atvinnu sem veldur gjarnan hreyfingu á fólki. Vörður leggur áherslu á stöðugleika í allri sinni starfsemi og leitar leiða í hvívetna til að koma í veg fyrir óeðlilega eða neikvæða starfsmannaveltu með því að huga vel að vinnustaðnum og hlúa að því fólki sem þar starfar.

S4 | Kynjavíddir

GRI 405-1 | UNGC | SDG 1, 4, 5, 10



Vörður styður Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Árið 2016 voru 58% starfsmanna konur en 42% karlar. Árið 2017 var þetta hlutfall 60% konur og 40% karlar. Af þeim verktökum sem fyrir félagið starfa við sölu váttrygginga er mjög stórt hlutfall karlmenn. Árið 2016 var hlutfallið 100% en árið 2017 var það 90%. Kynjahlutföll í efri stjórnunarstöðum hafa hingað til verið nokkuð jöfn og vinnur félagið ávallt að því að jafna þau hlutföll eins og hægt er.

Lýsing	2016 Konur	2016 Karlar	2017 Konur	2017 Karlar
Framkvæmdastjórn	50%	50%	50%	50%
Deildarstjórar	44%	56%	50%	50%
Millistjórnendur	43%	57%	25%	75%

S5 | Samsetning starfa – hlutastörf

GRI 102-8 | UNGC | SDG 5, 8



Vörður styður Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Árið 2016 leysti félagið 1,75 stöðugildi með lausráðnum starfsmönnum og hafði 7 stöðugildi verktaka en 2017 var þetta 1 stöðugildi lausráðinna og 17 stöðugildi verktaka. Fyrirtækið gekk í gegnum sameiningu árið 2017 með nokkurri fjölgun starfsmanna sem skýrir fækkun á lausráðnu starfsfólki (sumarstarfsmenn) en fjölgun verktaka er tilkomin þar sem margir verktakar komu til starfa við sameiningu.

S6 | Jafnrétti

GRI 406 | UNGC P6 | SDG 4, 5, 6, 8



Vörður styður Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Vörður hefur skýra sýn í jafnréttismálum og hefur sett sér **jafnréttisstefnu** sem tryggir jöfn tækifæri og kjör starfsfólks af báðum kynjum. Hvers kyns mismunur á grundvelli kynferðis er í andstöðu við jafnréttisstefnu félagsins sem og jafnréttislög. Aðgerðaáætlun í jafnréttismálum var samþykkt af framkvæmdastjórn félagsins árið 2011. Jafnréttismál og allt sem þeim tengist er á fræðsluáætlun félagsins annað hvert ár en allir nýliðar fá fræðslu um þessi mál í nýliðamóttöku. Vörður fylgir lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008, sem og öðrum reglum og lögum um að konum og körlum sé ekki mismunað og að einstaklingar skuli fá greidd jöfn laun fyrir jafnverðmæt störf. Til þess að styðja við jafnlaunastefnuna fylgir félagið íslenska staðlinum ÍST 85:2012 um jafnlaunakerfi og hefur félagið hlotið jafnlaunavottun til nokkurra ára.

S7 | Heilsa og öryggi starfsmanna



GRI 403-2 | UNGC | SDG 3

Vörður styður Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Félagið hefur sett sér stefnu í viðverumálum en hún hefur það að markmiði að standa vörð um heilsu starfsmanna og hvetja til heilsueflingar, tryggja heilsusamlegt og gott vinnuumhverfi, auka ánægju starfsmanna og minnka veikindafjarvistir. Stefnunni er einnig ætlað að vera leiðbeinandi með þær leiðir sem félagið notar til að takast á við fjarvistir vegna veikinda starfsmanna. Á árinu 2016 mældust veikindadagar að meðaltali 6,6 dagar á starfsmann og eitt vinnuslys var skráð. Á árinu 2017 voru veikindadagar að meðaltali 7 dagar á starfsmann og tvö slysatilfelli voru skráð.

S8 | Heilsuvernd og öryggisstefna



GRI 403/103-2 | UNGC | SDG 3, 6

Vörður styður Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Það er vilji og markmið félagsins að huga vel að heilsu, heilbrigði og öryggi mannauðs og starfrækja heilsueflandi vinnustað. Félagið greinir reglulega þá þætti í vinnuumhverfinu sem geta haft áhrif á líðan, heilsu og öryggi starfsfólks og vinnur að úrbótum sé þess þörf. Félagið styrkir starfsmenn til íþróttar- og tómstundaiðkunar og hefur sókn í þá styrki aukist ár frá ári en um 78% starfsmanna nýttu sér styrkinn árið 2016 og 84% árið 2017. Samgöngustyrkur er einnig veittur þeim sem nýta sér það að koma til vinnu með öðrum hætti en á einkabílnum og nýta um 14% starfsmanna sér styrkinn. Heilsufarsmælingar eru árlega í boði en yfir 75% starfsmanna nýtir sér slíkar mælingar árlega. Félagið hefur hug á að setja sér stefnu til framtíðar um mál er varða heilsuvernd og öryggi á vinnustað þar sem formleg stefna hefur ekki verið unnin fram að þessu.

S9 | Barna- og nauðungarvinna



GRI 408/409/103-2 | UNGC P4, P5 | SDG 1, 2, 4, 5, 6, 8

Vörður styður Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Vörður starfar með íslenska vinnulöggjöf að leiðarljósi en hún tekur mið af Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og barnalögum (nr. 76/ 2003) um rétt barna til m.a. umönnunar og réttinda í samræmi við aldur þeirra og þroska. Það inniheldur kröfu um verndun barna gegn hvers kyns þvingun eða ofbeldi. Ekki hafa borist kvartanir né hefur orðið vart við brot af þessu tagi, hvorki hjá fyrirtækinu, verktökum þess né birgjum.

S10 | Mannréttindastefna



GRI 102-16/103-2/412-2 | UNGC P1, P2 | SDG 1–17

Vörður styður Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Vörður hefur sett sér **stefnu og viðbragðsáætlun** í málum er varða einelti og áreitni á vinnustað en slík mál og önnur, sem fara út fyrir ramma eðlilegra samskipta og hegðunar á vinnustað, verða ekki liðin innan félagsins. Félagið fræðir starfsmenn reglulega um þessi mál og eðlileg samskipti á vinnustað og gerir árlega greiningar á þessum málum. Með stefnu félagsins, og viðbragðsáætlun um mál af þessu tagi, virðir Vörður sáttmála samtaka atvinnulífsins og stuðlar að öruggu og heilsusamlegu vinnuumhverfi.

S11 | Brot á mannréttindum



GRI 102-17/103-2/412-1 | UNGC P1, P2 | SDG 2, 3, 12, 13

Vörður styður Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Innan félagsins hafa fá mál komið upp sem hægt er að skilgreina sem brot á mannréttindum. Eitt slíkt mál kom upp árið 2016 og tvö árið 2017. Bæði málin fengu hraða og faglega afgreiðslu í samræmi við fyrirfram ákveðið verklag sem felld var að aðstæðum og þörfum í hvoru máli fyrir sig.

S12 | Kynbundin samsetning stjórnar



GRI 102-22 | UNGC | SDG 5

Vörður styður Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Í stjórn Varðar líftrygginga eru þrír stjórnarmenn samkvæmt samþykktum þess félags og tveir varamenn. Í Verði tryggingum er fjöldi stjórnarmanna fimm og tveir varamenn. Árið 2017 voru kjörin í stjórn á aðalfundi Varðar líftrygginga tvær konur og einn karlmaður, varmenn voru einn karl og ein kona.

Á aðalfundi 2017 voru kjörin í stjórn Varðar trygginga þrír karlar og tvær konur. Varamenn voru einn karl og ein kona. Á hluthafafundi í ágúst 2017 var gerð breyting á stjórn Varðar og var kynjahlutfallið þá tveir karlar og þrjár konur.

Vörður fylgir reglum um jafnt hlutfall kvenna og karla í stjórnnum félagsins.

Lýsing	2017 Vörður tryggingar	2017 Vörður líftryggingar
Konur	49%	60%
Karlar	51%	40%
Háðir stjórnarmenn	29%	40%

Stjórnarhættir

Stjórnarháttum Varðar er ætlað að stuðla að opnum og traustum samskiptum stjórnar, hluthafa, viðskiptavina og annarra hagsmunaaðila félagsins og leggja grunninn að ábyrgri stjórnun og ákvarðanatöku, með það að markmiði að skapa samfélagsleg verðmæti. Umfjöllun um lagaramma þann sem um starfsemina gildir og fylgni við leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækisins má finna í Stjórnarháttayfirlýsingu Varðar og Varðar líftrygginga sem jafnframt er birt á heimasíðu með ársskýrslu. Vörður leitast við að eiga ábyrg og traust samskipti við hagsmunaaðila sína þar sem áhersla er lögð á að auka sjálfbærni og skapa verðmæti fyrir samfélagið og umhverfið.

G1 | Stjórn – aðgreining valds

GRI 102-23 | UNGC | SDG 8, 10, 16



Vörður styður Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Hluthafafundur fer með æsta vald í málefnum Varðar og skipar stjórn, í samræmi við lög og samþykktir félagsins. Forstjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri Varðar og stýrir félaginu í samræmi við **starfsreglur stjórnar**. Forstjóri veitir stjórn upplýsingar um rekstur félagsins sem og öll mikilvæg atriði er haft geta áhrif á rekstur félagsins og efnahag. Stjórn Varðar samanstendur af fimm stjórnarmönnum og tveimur varamönnum í samræmi við samþykktir félagsins. Á síðasta starfsári voru tveir háðir stjórnarmenn, annar sem starfsmaður Arion banka, eiganda Varðar, og hinn sem fyrrverandi starfsmaður sama eiganda. Aðrir stjórnarmenn voru óháðir. Enginn stjórnarmanna á eignarhlut í félaginu, hvorki beint né í gegnum tengda aðila, enda er eignarhald félagsins einfalt og einungis einn eigandi. Engir starfsmenn félagsins sitja í stjórnun, hvorki Varðar né Varðar líftrygginga, engir starfsmenn sitja heldur í undirnefndum stjórnar. Undirnefndir stjórnar, endurskoðunarnefnd og starfskjaranefnd, eru því skipaðar stjórnarmönnum og í endurskoðunarnefnd situr utanaðkomandi sérfræðingur í reikningsskilum.

Nánari umfjöllun um stjórnarmenn má finna í **stjórnarháttayfirlýsingu** Varðar og Varðar líftrygginga.

G2 | Stjórn – gagnsæi ákvarðana

UNG C | SDG 8, 10, 16



Vörður styður Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Verði ber samkvæmt lögum um váttryggingastarfsemi að fylgja viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja eins og fram kemur í stjórnarháttayfirlýsingu félagsins. Hlutverki stjórnar er lýst í starfsreglum stjórnar sem eru uppfærðar reglulega og aðgengilegar á vef félagsins: **starfsreglur stjórnar**. Stjórnarformaður stýrir stjórnarfundum og stjórnarfundargerðir eru haldnar um það sem gerist á stjórnarfundum og eru bókaðar allar ákvarðanir sem þar eru teknar. Í starfsreglum stjórnar er fjallað um atkvæðisrétt og ákvörðunarvald, hver stjórnarmaður fer með eitt atkvæði á fundum stjórnar. Afl atkvæða ræður úrslitum við afgreiðslu máls, falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns, sjá einnig umfjöllun í samþykktum félagsins sem aðgengilegar eru á heimasíðu. Reglum um atkvæðagreiðslur er ekki beitt í framkvæmd nema verulegur ágreiningur sé um mál sem til afgreiðslu eru hverju sinni. Hver stjórnarmaður getur látið bóka afstöðu sína í fundargerð. Upplýsingar um atkvæðagreiðslur stjórnarmanna eru ekki birtar opinberlega. Ef atkvæðagreiðslur eru um einstök mál eru niðurstöður skráðar í fundargerð stjórnar. Fundargerðir eru aðgengilegar eftirlitsaðilum, óski þeir eftir upplýsingum um afgreiðslu einstakra mála.

G3 | Hvatar til samfélagsábyrgðar með kaupauka



GRI 102-35 | UNGC | SDG 9, 16

Vörður styður Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Vörður hefur sett sér **stefnu um samfélagslega** ábyrgð sem miðar að því að starfa til hagsbóta fyrir alla hagsmunaaðila, innri sem ytri og skapa sameiginlegt virði. Félagið hefur ekki sett fram formlegt hvatakerfi varðandi umhverfispætti, samfélagsábyrgð og stjórnarhætti (ESG). Áhersla er á þessa þætti innan félagsins þó enn hafi ekki verið settar formlegar reglur um málið.

Samkvæmt lögum er Verði skylt að hafa starfskjarastefnu, stefnan er birt á **heimasíðu félagsins** og tekur á starfskjörum stjórnar, æðstu stjórnenda og starfsmanna allra. Í stefnunni er greint frá möguleika á hvatakerfi tengt launum en slíkt kerfi hefur ekki verið sett á hjá Verði. Stefnan er endurskoðuð árlega og lögð fyrir aðalfund til staðfestingar, hvort sem er með eða án breytinga.

Starfskjaranefnd er undirnefnd stjórnar og starfar á ábyrgð stjórnar. Settar hafa verið starfsreglur fyrir nefndina og eru þær aðgengilegar á heimasíðu félagsins. Eitt helsta verkefni starfskjaranefndar er að rýna starfskjarastefnu árlega og leggja fyrir stjórn til samþykktar eða synjunar mögulegar breytingar.

G4 | Sanngjarn vinnuréttur



GRI 102-41 | UNGC P3 | SDG 3, 8, 16

Vörður styður Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Félagið leggur áherslu á sanngjarnan vinnurétt og að starfsmenn hafi val um það hvort þeir eru í stéttarfélagi. Þeir starfsmenn sem komu frá Okkar líftryggingum og eru í stéttarfélagi eru í SFF en eldri starfsmenn Varðar trygginga eru í VR. Trúnaðarmenn hjá VR eru tveir en hlutverk þeirra er að þekkja leiðir til úrlausnar ágreiningsmála, kynna breytingar og nýjungar og hvetja félagsmenn til að leita sér upplýsinga. Yfirmenn félagsins standa utan stéttarféлага en það er gert til að tryggja öruggt umhverfi fyrir viðskiptavinum félagsins.

Lýsing	2017
Aðilar að stéttarfélagi	77
Utan stéttarfélags	11

G5 | Birgjahegðun, birgjamat



GRI 102-14/308/414 | UNGC P3 | SDG 12

Vörður styður Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Í birgjamati félagsins er tekið á þáttum eins og fjármálum birgja, öryggismálum, gæðamálum og hugbúnaðarferli. Ekki hefur þó verið sett sérstök stefna varðandi birgjamat en fyrirhugað er að setja slíka stefnu. Í stefnu um samfélagslega ábyrgð kemur fram að leitast er við að velja birgja sem starfa eftir sömu gildum og Vörður umfram aðra.

G6 | Siðareglur



GRI 102-16 | UNGC P3 | SDG 16

Vörður styður Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Vörður hefur sett sér siðareglur og tilgangur þeirra er:

- að vinna að samfélagslegri ábyrgð
- að stuðla að heiðarleika
- að viðhafa réttssýni og sanngirni í viðskiptum og að efla traust viðskiptavina og almennings á Verði

Siðareglur Varðar endurspegla vel gildin sem eru heiðarleiki, snerpa og frumkvæði.

Reglunum er ætlað að brýna fyrir öllum starfsmönnum Varðar að forðast hverskyns hagsmunaárekstra og vafa-sama viðskiptahætti er rýrt geta ásynd félagsins og þeirra sjálfra.

Siðareglur Varðar:

- veita víðtæka leiðsögn að því er varðar ráðvendni og viðskiptasiðferði og skilgreina þær leiðir sem við förum til að mæta áskorunum í starfi
- taka á þáttum eins og faglegri hegðun, stuðningi við orðspor, meðferð upplýsinga og afhendingu gagna, ábyrgð starfsmanna
- veita ramma og leiðsögn við ákvarðanatöku þegar siðferðisleg mál koma upp
- veita leiðsögn er varðar framkomu starfsmanna og störf þeirra
- veita leiðbeiningar varðandi meðhöndlun eigna
- veita leiðbeiningar varðandi samskipti við fjölmiðla og eftirlitsaðila sem og virðingu fyrir lögum og eftirlitsaðilum

Siðanefnd er starfandi hjá Verði en hún hefur það hlutverk að móta og yfirfara reglurnar, vinna úr tilkynningum og fyrirspurnum og meta ábendingar um brot á siðareglunum. Siðareglurnar eru aðgengilegar starfsmönnum og eru þær jafnframt yfirfarnar reglulega með þeim.

G7 | Aðgerðir gegn spillingu og mútum



GRI 102-17/205-1,2 | UNGC P10 | SDG 16

Vörður styður Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Vörður leggur áherslu á að fyrirbyggja fjármunabrot og tryggingasvik og þau skaðlegu áhrif sem slík brot geta haft á viðskiptavinum, rekstur og samfélagið. Félagið er einnig meðvitað um þá hættu á hagsmunaárekstrum sem óhjákvæmilega fylgir starfseminni. Vörður líftryggingar er með reglur um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og að auki eru reglur um verðbréfiðskipti starfsmanna, en þær reglur draga úr líkum á hagsmunaárekstrum vegna verðbréfiðskipta. Vörður er með reglur um viðskipti við tengda aðila, einnig eru reglur til um atvinnuþátttöku starfsmanna og er eftirfylgni með þeim reglum. Þessir þættir eru atriði til að draga úr hættu á hagsmunaárekstrum. Reglurnar eru aðgengilegar starfsmönnum og yfirfarnar reglulega. Ekki hafa verið settar sérstakar reglur um spillingu og mútugreiðslur.

Innri endurskoðun Arion banka sér um innri endurskoðun á grundvelli útivistunarsamnings við Vörð og tekur því út árlega einstaka þætti í innra eftirliti félagsins. Vörður kappkostar að fylgja lögum og reglum í hvívetna og stuðla þannig að skilvirkni og heilbrigði í rekstri. Reglur Vörður heyrir beint undir forstjóra og ber hann ábyrgð á m.a. upplýsingagjöf til stjórnar og eftirlitsaðila sem og að fylgja eftir áherslu félagsins á reglufylgni.

G8 | Gagnsæi skatta og gjalda



GRI 201-1 | UNGC | SDG 8, 16

Vörður styður Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Vörður er tryggingafélag í eigu Arion banka, sem leggur ríka áherslu á að lágmarka áhættu til hagsbóta fyrir alla hagsmunaaðila og veitir viðskiptavinum viðeigandi váttryggingavernd. Rekin er skaðatryggingarstarfsemi í Verði en dótturfélag Varðar, Vörður líftryggingar, sér um rekstur líftryggingahluta starfseminnar en krafa er gerð til þess í lögum að líftryggingafélög séu rekin í sjálfstæðu félagi. Allri daglegri starfsemi dótturfélagsins Varðar líftrygginga er úthýst til Varðar með sérstökum útivistunarsamningi.

Vörður er eftirlitsskyldur aðili og lýtur eftirliti fjármálaeftirlitsins. Vörður gerir grein fyrir fjárhagslegri afkomu á grundvelli laga um ársreikninga og IFRS reikningsskilastaðla. Upplýsingar um skattgreiðslur og önnur gjöld sem félagið greiðir eru birtar í ársreikningi.

G9 | Sjálfbæriskýrsla



UNGC | SDG 4

Vörður styður Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Vörður birtir nú í fyrsta sinn sjálfbæriskýrslu samhliða ársskýrslu og er það gert m.a. til að uppfylla lög um ársreikninga nr. 73/2016. Félagið telur það mikinn áfanga að birta ófjárhagslegar upplýsingar með þessum hætti og að það muni leiða til enn betri árangurs í rekstri félagsins sem og aukinnar áherslu á mikilvæg samfélagsleg mál efni.

G10 | Aðferðafræði – rammi



GRI 102-54 | UNGC | SDG 17

Vörður styður Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Við gerð sjálfbærniuppgjors Varðar er stuðst við leiðbeiningar sem Nasdaq á Íslandi og Norðurlöndunum gáfu út í mars 2017. Leiðbeiningar Nasdaq byggja á ráðleggingum sem settar voru fram árið 2015 af Sameinuðu þjóðunum, samtökum um sjálfbærar kauphallir (Sustainable Stock Exchange Initiative) og vinnuhóp hjá Alþjóðasamtökum kauphalla (World Federation of Exchange). Þá eru tilvísanir í Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, GRI (Global Reporting Initiative), UNGC (UN Global Compact). Einnig var tekið tillit til laga um breytingar á lögum um ársreikninga nr. 3/2006, með síðari breytingum (einföldun og innleiðing ársreikningatilskipunar 2013/34/ESB), nr. 73/2016.

G11 | Utanaðkomandi endurskoðun og áritun



GRI 102-56 | UNGC | SDG 17

Vörður styður Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Fyrirtækið Ábyrgar lausnir ehf. var fengið af stjórnendum Varðar til að veita leiðbeinandi ráðgjöf og aðstoð við innleiðingu sjálfbærniuppgjors þessa til að auka gagnsæi og skapa traust um upplýsingagjöfina. Við þá vinnu, fyrir starfsárið 2017, kom ekkert fram sem gaf til kynna annað en að uppgjörið innihaldi áreiðanlegar upplýsingar varðandi alla þætti ESG viðmiða Nasdaq og aðra ófjárhagslega þætti í rekstri til uppfyllingar á lögum um ársreikninga.

Ábyrgar lausnir ehf. sérhæfir sig í ráðgjöf og lausnum varðandi þá þætti er falla undir samfélagsábyrgð og sjálfbærni í rekstri skipulagsheilda. Slík aðstoð frá þriðja aðila tryggir bæði áreiðanleika og gæði skýrslunnar.